

Aðalfundur SVFA.
Haldinn 18. janúar 2012, kl. 20:00
að Suðurgötu 108

Dagskrá:

Formaður félagsins **Hafsteinn Kjartansson** setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

- 1. Fundarstjóri:** Kosinn Ingólfur Þorbjörnsson.
Ritari: Kosinn Bjarni Þór Ólafsson.
- 2.** Lesin fundargerð síðasta aðalfundar, sé þess óskað.
Enginn óskar þess.
- 3. Skýrsla stjórnar:**

**Skýrsla stjórnar SVFA.
2011.**

Stjórnin var þannig skipuð.

Formaður.	Hafsteinn Kjartansson.
Varaformaður.	Magni Ragnarsson.
Gjaldkeri.	Skúli Garðarsson.
Ritari.	Bjarni Þór Ólafsson.
Meðstj.	Halldór Fannar Halldórsson.
Varamenn.	Ásgrímur Kárason. Jónas Geirsson.

Fundir og viðburðir.

Stjórnarfundir voru nokkrir haldnir á árinu eftir því sem efni og ástæður voru fyrir hendi, en ekki voru þeir margir. Einn formannafundur Landsamband Stangaveiðifélaga (**LS**) var haldin á

árinu. Aðalfundur **LS** var haldin 2. nóvember, ekki var neinn fulltrúi Svfa á þeim fundi.

En Jónas Geirsson hefur verið fulltrúi Svfa í stjórn **LS** undanfarin tvö ár. **LS** hefur verið í mikilli lægð og lítil starfsemi farið þar fram. Veiðidagur fjölskyldunar var þó haldin að vanda að tilstuðlan **LS** eins og undanfarin ár. Var hann 26. júní og þótti takast vel upp. Stangaveiðifélag Akraness helt upp á 70. ára afmæli sitt á árinu með léttu hófi í Gamla kaupfélaginu 27. maí, rétt rúmlega tuttugu manns mættu á þennan viðburð sem telst nú ekki mikið í 180 manna félagi. Á dagskrá var hátíðarræða sem Hans Unnpór formaður SVFH hélt, einnig fékk félagið gjöf frá **LS**. Þáverandi formaður Reynir Þrastason afhendi hana. Ingólfur Þorbjörnsson stýrði veisluni af miklum myndaskap, happdrætti með góðum vinningum og síðan ekki síst matur og góður félagsskapur gerðu þetta kvöld að góðri minningu þeirra sem þarna mættu.

Sala veiðileyfa.

Söludagur veiðileyfa var 29. janúar og var góð sala á þeim degi. Í boði voru 94 stangardagar í Fáskrúð og 51 stangardagur í Andakílsá þar sem flestir dagar voru seldir stakir, mæltist það vel fyrir hjá félagsmönnum. Silungsleyfi voru einnig í boði í Andakílsánni en þar var varla nokkur sala í gangi, voru þau síðan seld á leyfi.is en lítið kom úr þeirri sölu. Eins og undanfarin ár var tap á þessu svæði.

Samningar.

Tveggja ára samningu er í gildi við Glerárskógarmæðgur sem rennur út árið 2012. Seint á árinu lést ættmóðirin Eðvaldína í hárrí elli, einnig lést dóttir hennar Krístrún Waage á árinu. Stjórn Svfa minnist þeirra með hlýhug og þakkæti fyrir góð og dýrmæt kynni í gegnum árin sem aldrei bar skugga á.

Veiðin 2011.

247 laxar og einn steinbítur veiddust í Fáskrúð. 173 á maðk og 74 á flugu. Helstu veiðistaðir voru Hellufljót með 44, Efri brúarstrengu með 30, Neðri barki með 26, Laxhylur með 22, Efri stapi með 19, Neðri stapi með 17 og Katlafoss með 15. Svo einhverjir staðir séu nefndir. Þess má geta að Efri strengur skilaði aðeins 7 löxum sem er óvenju fátt. Steinbíturinn fékkst á milli brúa á svartan Toby ef veiðibókin hefur lesist rétt.

Andakílsáin skilaði af sér 180 löxum, þar af veiddust 61 á maðk og 119 á flugu. Heldur er þetta mikil fækkun frá fyrri tveimur árum en telst nú samt ágætt þegar meðalveiðin er skoðuð, má segja að hún sé komin í sitt eðlileg form fyrri ára. Ákveðið var af stjórn Svfa að afhenda ekki bikara fyrir stærstu laxana þetta árið vegna tillögu um breytingar á því fyrirkomulagi, þykir það skjóta skökku við að verðlauna menn fyrir að drepa lax þegar veiðimálastofnun beinir þeim tilmælum til veiðimanna að sleppa öllum laxi yfir 70 cm löngum. Verða þau mál skoðuð nánar þegar stjórnin hefur starfsemi sína á nýju ári.

Önnur starfsemi.

Heimasíða félagsins hefur ekki verið mjög virk varðandi fréttaoöflun til félagsmanna enda vantar þar sárlegar ritstjóra eða áhugamenn sem hefði tíma og brennandi áhuga á veiðmálum félagsins.

Bjarni ritari félagsins heldur utan um síðuna eins og endranær og sér um að setja auglýsingar og fleira inn eins og t.d. gestabækur. Svavar Garðason sá um að halda mönnum við efnið varðandi fluguhnýtingar og voru nokkur kvöld í hans umsjá þar sem menn komu saman í húsnæði félagsins og töfrudu fram flugur. Er honum færðar hinar bestu þakkir fyrir. Seyðum var sleppt í ána sem endranær, um 8000 stykki, sá Svfa um þær sleppingar samkvæmt samkomulagi við landeigendur. Árnefnd Fáskrúð skipuðu Erlingur Huldarsson, Birgir Erlingsson og Finnur Traustason. Stjórn Svfa

þakkar þeim vel unnin störf. Ljárskógarhúsið var mest notað sem veiðihús og er almenn ánægja með það.

Lokaorð.

Þar sem þetta er lok mín sem formaður Svfa þá vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem starfað hafa með mér undan farin tíu ár í stjórn og nefndum, fulltrúum okkar í LS. Þakka öllum samstarfið sem ekki hefur borið skugga á. Þetta var lærdómsríkur og forvitnilegur tími, gaman að takast á við ýmis málefni. Verðandi formanni og stjórn óska ég velfarnaðar á næsta starfsári, stjórn ársins 2011 þakka ég gott samstarf. Félagsmönnum Svfa óska ég ánægulegs veiðisumar 2012.

Hafsteinn Kjartansson formaður Svfa.
Formanni þakkað fyrir góða skýrslu.

4. Reikningar félagsins lagðir fram, gjaldkeri flytur. Skúli er tilbúinn að svara spurningum. Engar spurningar koma fram.
5. Umræður um reikninga og skýrslu stjórnar. Engir tjáir sig um það.
6. Reikningar bornir undir atkvæði. Samþykkt samhljóða.
7. Kosið í stjórn og önnur trúnaðarstörf.
8. Kosin formaður til eins árs. Búi Örlygsson gefur kost á sér. Búi Örlygsson kosinn samhljóða.
9. Kostnir tveir menn í stjórn til tveggja ára. Magni og Halldór gefa kost á sér áfram. Samþykkt samhljóða.

- 10.** Kosnir varamenn til stjórnar í eitt ár. Ásgrímur Kárason gefur ekki kost á sér. Jónas Geirsson og Sigurður Halldór Sævarsson gefa kost á sér. Athuga hvort einhverjur aðrir hafi hug á því.
Engir gefa sig fram.

Jónas Geirsson og Sigurður Halldór Sævarsson samþykktir samhljóða.

- 11.** Kosnir skoðunarmenn reikninga. Alfreð Karlsson og Ásgrímur Kárason .

- 12.** Ákvörðun um árgjald og stofngjald. Tillaga stjórnar um óbreytt gjald.

- 13.** Önnur mál. Hafsteinn, silungarsvæði. Bikarmál. Ljárskógahús.

1. Silungamál: Kom fram hjá formanni að silungasvæði Andakílsár væri ekki til staðar tímabundið að minnsta kosti. Laxveiðimönnum er leyft að bæta svæðinu við sig.
2. Bikarmál: Hafsteinn lýsti skoðunn sinni á veitingu bikara fyrir stærsta sleppta lax og stærsta fluguveidda lax. skoðun hans á því er að veitingarnar séu tímaskekkja og vonar að ný stjórn vinni í þeim málum.

- 14.** Búi Örlygsson kom í pontu og þakkaði kosninguna.

- 15.** 23 sátu fundinn auk stjórnarmanna.
Formaður slítur fundi og þakkar fundarstjóra og fundarritara störf á fundinum.
14 sátu fundinn auk stjórnarmanna.

Sign: Hafsteinn Kjartansson formaður.